

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar, áfanga 5 í landi Vatnsenda.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. apríl 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að lóð nr. 129 stækkar um 7,5 m til vesturs inn á lóð nr. 127.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 12. mars 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að vegkaflinn frá Húsalæk og suður fyrir Bleikulágarás færist til vesturs og nær Húsalæk. Við breytinguna færist vegurinn fjær núverandi frístundabyggð en fyrirhugað er að tengja nýtt frístundasvæði við veginn.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Grund, 27. júní 2003.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.